



Mýrdalshreppur

REGLUR

vegna stöðuleyfa í Mýrdalshreppi

1.gr. Stöðuleyfi fyrir lausafjarmuni.

Sækja skal um stöðuleyfi til byggingarfulltrúa til að láta eftirfarandi lausafjarmuni standa lengur en tvo mánuði utan þeirra svæða sem sérstaklega eru skipulögð og ætluð til geymslu slíkra lausafjarmuna:

- A. Hjólhýsi (frá 1. okt. til 1. maí)
- B. Gáma (sem ætlaðir eru til flutninga)
- C. Báta
- D. Torgsöluhús
- E. Frístundahús í smíðum, sem ætlað er til flutnings
- F. Stór samkomutjöld

Svo dæmi séu tekin þarf ekki að sækja um stöðuleyfi fyrir gáma á skipulögðum gámasvæðum, þar sem gert er ráð fyrir geymslu þeirra, hjólhýsum á hjólhýsasvæðum eða torgsöluhúsum á svæðum fyrir slík hús. Með skipulögðu svæði er átt við að gert sé ráð fyrir geymslu eða staðsetningu greindra muna í aðal- eða deiliskipulagi og/eða ef gerð er grein fyrir slíkum svæðum á lóðauppdrætti mannvirkis.

Innan skipulagðra íbúðahverfa skal að jafnaði ekki veita stöðuleyfi fyrir nema fyrir einum ofangreindum A, B eða C lausafjarmun í senn.

Óheimilt er samkvæmt lögum að veita stöðuleyfi til lengri tíma 12 mánaða í senn nema ákvæði skipulags mæli fyrir um annað.

Ekki heimilt að staðsetja gáma B. við lóðarmörk eða nær lóðarmörkum en sem nemur hæð munar nema með samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar á uppdrætti og umsókn liggja fyrir.

Vakin er sérstök athygli umsækjanda á að ávallt ber að staðsetja lausafjarmuni þannig að almenningi stafi ekki hættu af og ekki sé hættu á að eldur geti borist frá þeim í aðliggjandi hús. Ennfremur skal þess gætt að aðgengi slökkviliðs að aðliggjandi húsum sé ekki torvelað með staðsetningu þeirra. Handhafi stöðuleyfis er ábyrgur fyrir því að ekki skapist hættu vegna lausafjarmuna.

2.gr. Umsókn umstöðuleyfi

Umsókn skal vera skrifleg á þar tilgerðu eyðublaði og undirrituð af eiganda viðkomandi lausafjármunar.

Samþykki eiganda lóðar eða lóðarhafa skal fylgja ef hann er ekki sami og eigandi munar.

Þegar sótt er um stöðuleyfi á lóð fjöleignarhúss skal liggja fyrir samþykki eigenda í samræmi við ákvæði laga um fjöleignarhús nr. 26 frá 1994.

Með umsókn skal að lámarki fylgja uppdráttur, s.s. loftmynd, lóðablað eða afstöðumynd, þar sem staðsetning munar er sýnd. Nægilegt er að það sé handteiknað inn á framangreind gögn og gögnin sýni raunverulegar aðstæður.

Byggingarfulltrúa er alltaf heimilt að krefja eiganda um frekari gögn telji hann þörf á því s.s. nákvæmari uppdrætti, teikningar og rökstuðning þar að lútandi áður en umsókn er tekin til afgreiðslu.

Handhafi stöðuleyfis er ábyrgur fyrir því að hreinlætisaðstaða í og við lausafjármuni sem falla undir þessa grein uppfylli ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæði laga um fráveitur og laga, reglugerða og reglna um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eftir því sem við á hverju sinni.

3.gr. Stöðuleyfi eða byggingarleyfi

Öll mannvirki, samkvæmt skilgreiningu 51. tölul. 1.2.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, eru byggingarleyfisskyld:

Mannvirki: Hvers konar jarðföst, manngerð smíð, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, virkjanir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, umferðar- og göngubrýr í þéttbýli, stór skilti og togbrautir til fólksflutninga. Til mannvirkja teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast einnig til mannvirkja samkvæmt reglugerð þessari.

Ekki verða veitt stöðuleyfi fyrir mannvirkjum enda ber að sækja um byggingarleyfi fyrir þeim.

Minnt er á að einstök mannvirki geta verið undanþegin byggingarleyfi samkvæmt grein 2.3.5. í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Lítill hús þarf þó að tilkynna byggingarfulltrúa sbr. grein 2.3.6. í byggingarreglugerð nr. 112 frá 2012.

4.gr. Gámar

Stöðuleyfi fyrir gáma utan skilgreinds gámasvæðis eru veitt ef tímabundnar aðstæður gera notkun gáms nauðsynlega s.s. viðhaldsframkvæmdir eða aðstæður við framleiðslu, þegar um er að ræða atvinnuhúsnaði.

Óheimilt er að veita stöðuleyfi til þess að stafla gámum ofan á hvern annan. Óheimilt er að geyma lausafjármuni ofan á gám sem veitt hefur verið stöðuleyfi fyrir. Að jafnaði er ekki er heimilt að veita stöðuleyfi fyrir gám í íbúðarhverfi lengur en í 6 mánuði.

5.gr. Leyfisskyllt lausafé án stöðuleyfa

Byggingarfulltrúa er heimilt að fjarlægja lausafjármuni sem getið er í reglum þessum og eru án stöðuleyfis sbr. grein 2.6.2 í byggingarreglugerð. Eiganda skal veittur eðlilegur frestur til að fjarlægja lausafjármuninn eða sækja um leyfi vegna hans. Slíkur frestur skal þó aldrei vera lengri en einn mánuður. Að öðrum kosti skulu munirnir fjarlægðir og geymdir á kostnað eiganda. Liggi ekki fyrir hver á hlutinn er nægilegt að sett verði tilkynning um aðgerðir á muninn sjálfan um þar sem skorað er á eiganda að fjarlægja lausaféð eða sækja um leyfi fyrir staðsetningu þess innan tiltekins tíma áður en gripið verður til þess að fjarlægja lausaféð.

Sama á við ef handhafi stöðuleyfis uppfyllir ekki skilyrði stöðuleyfis eða ákvæði reglna þessara, sbr. 2.6.2. gr. reglugerðar nr. 112/2012, sbr. 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Sveitarfélagið Mýrdalshreppur áskilur sér rétt til að takmarka veitt leyfi á hverja lóð af öryggisástæðum, vegna útlits og bílastæðafjölda.

Heimilt er að selja muni sem fjarlægðir hafa verið upp í kostnað við fjarlægingu og geymslu að undangenginni skriflegri viðvörun þar um með vísan til 56. gr. laga um mannvirki nr. 160 frá 2010.

6.gr. Gjaldtaka

Ef óskað er eftir stöðuleyfi fyrir fleiri en einn lausafjármun á sömu lóð í sömu umsókn er gert ráð fyrir að gefið sé út eitt stöðuleyfi og skal greitt fyrir hverja einingu sem sótt er um leyfi fyrir.


Um gjalddöku vegna umsóknar og veitingu stöðuleyfis fer eftir gjaldskrá fyrir þjónustu, leyfisveitingar og afgreiðslu vegna skipulags- og byggingarmála í Mýrdalshreppi.

7.gr. Grundvöllur og gildistaka

Reglur þessar eru settar með vísan til 51. og 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, og byggingarreglugerðar nr. 112/2012, með síðari breytingum, einkum kafla 2.6, með síðari breytingum.

Reglur þessar voru samþykktar í sveitarstjórn Mýrdalshreppur þann 20. ágúst 2020 og gilda frá þeim tíma.

Vík, 21. ágúst 2020



Þorbjörg Gísladóttir
Sveitarstjóri

